



## 4. LANDAFUNDIR OG SAMSKIPTI VIÐ ÖNNUR LÖND

Bls 35–41

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- tengslum Íslands við umheiminn á þjóðveldisöld
- mikilvægi verslunar við önnur lönd
- mikilvægi siglinga til og frá landinu
- að menn sigldu frá Íslandi vestur á bóginn til Grænlands og Ameríku
- að menn sigldu frá Íslandi og hófu landnám á Grænlandi
- að Ísland var á norsku áhrifasvæði og Noregur var hlið Íslands að Evrópu
- að Ísland tapaði skipastól sínum og varð því að treysta á siglingar útlendinga

### Kennsla

Mikilvægt er að nemendur átti sig á gildi tengsla við önnur lönd. Öll samfélög þurfa á verslun og menningarlegum samskiptum við aðra að halda eigi siðmenning að blómstra.

Nemendur þurfa að skilja að þar sem Ísland er eyja voru siglingar landsmönnum mikilvægar. Íslendingar hafa átt töluverðan skipakost í upphafi en hann fór minnkandi með tímanum enda erfitt um vik þar sem trjávið skorti í landinu. Af þeim sökum urðu landsmenn háðari siglingum útlendinga. Þar sem Norðmenn voru öflugastir á norðanverðu Atlantshafi má segja að Ísland hafi verið á norsku áhrifasvæði og því háð Noregi.

Í kaflanum er fjallað um siglingar norrænna manna til Grænlands og Ameríku. Það eru fyrstu óbyggjandi ferðir Evrópumanna til Vesturheims. Þá skal sagt frá þeim samfélögum norrænna manna sem þar risu.

### Umræður

- Af hverju var mikilvægt fyrir landsmenn að eiga skip?
- Af hverju var mikilvægt fyrir landsmenn að hafa samskipti við önnur lönd?
- Af hverju heldur þú að skipum Íslendinga hafi fækkað mjög með tímanum?
- Við hvaða land heldur þú að Íslendingar hafi haft mest samskipti og af hverju?
- Af hverju heldur þú að norrænir menn hafi ekki sest að í Ameríku?
- Hvað kennir þessi kafli okkur um mikilvægi þess að vera sjálfstæð þjóð?
- Lesa saman ljóðið Columbus á bls 41. Um hvað fjallar það ljóð?



## Verkefni

- Skrifaðu frétt af fundi Grænlands eða Vínlands. Reyndu að útskýra fyrir lesendum hvað það var sem blasti við augum þeirra sem þar komu að landi.
- Skrifaðu bréf í orðastað Leifs heppna þegar hann finnur Ameríku: Hann sendir pabba sínum og mömmu bréf og segir frá afreki sínu.
- Ímyndaðu þér að þú sért Eiríkur rauði og þig langar til að fá fólk til að flytja með þér til Grænlands. Hannaðu auglýsingu þar sem þú reynir að fá fólk til að flytja til Grænlands með þér.
- Teiknaðu fjölskyldumynd af Eiríki rauða, Þjóðhildi konu hans, Leifi heppna og þremur systkinum hans Þorsteini, Freydísi og Þorvaldi. Jafnvel væri hægt að hafa myndasamkeppi milli hópa sem setja sig í hlutverk Eiríks og fjölskyldu og taka stafrænar myndir.
- Leita heimilda um það sem landnámsmenn versluðu með á landnámsöld. Útbúa á myndrænan hátt veggspjald sem sýnir það sem Íslendingar þurftu að kaupa af öðrum og hvað þeir seldu úr landi.

## Kort

- Merktu inn á heimskort þá staði sem Íslendingar sigldu til samkvæmt kaflanum. Hafðu landafundi jafnt sem verslun í huga. Skrifaðu ártöl og mannanöfn við leiðir og áfangastaði eftir því sem við á.
- Merkja inn á heimskort þá staði sem Leifur fann í Ameríku og kallaði Helluland, Markland og Vínland. Hvað heita þessir staðir í dag?

## Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll þau ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



## 4. SIGLINGAR OG LANDAFUNDIR – VERKEFNI

Bls 35–41

1. Af hverju var verslun Íslendinga við önnur lönd mikilvæg?

---

---

---

---

---

2. Við hverja áttu landsmenn helst viðskipti á landnámsöld? Hvernig fór verslunin fram?

---

---

---

---

---

3. Hvaða norræni maður stóð fyrir landnámi á Grænlandi? Hvað einkenndi byggð þeirra þar?

---

---

---

---

---

---

---

4. Hvaða sögur segja frá siglingu norrænna manna til Ameríku? Hver þeirra var fyrstur til að ná þar landi samkvæmt sögunum?

---

---

---

---

---

---

---



5. Hvað kallaði Leifur staðina þar sem hann kom að landi í Ameríku? Hvað heita þeir staðir í dag?

---

---

---

---

6. Hvenær virðast norrænir menn hafa hætt að sigla til Ameríku?

---

---

---

---

7. Af hverju var sérstaklega mikilvægt fyrir Íslendinga að hafa aðgang að timbri? Hvaða áhrif hafði timburskortur á samgöngur við önnur lönd?

---

---

---

---

8. Hver voru tengsl Íslands í Noregi og af hverju var mikilvægt að njóta velvildar þar?

---

---

---

---

9. Hvernig stóð á því að sjálfstæði Íslands minnkaði með tímanum?

---

---

---

---



## 4. SIGLINGAR OG LANDAFUNDIR – LAUSNIR

1. Öðruvísi hefði ekki verið hægt að halda uppi siðmenningu hér á landi. Ekkert land getur framleitt allar þær nauðsynja- og munaðarvörur sem menn vilja njóta góðs af. Þá þrífast þau samfélög yfirleitt best sem eiga í viðskiptum við önnur lönd enda læra menn margt af því að eiga samskipti við aðra.
2. Sú litla verslun sem fram fór átti sér stað á sumrin og stóð aðeins yfir í nokkra daga í senn. Íslendingar áttu aðallega viðskipti við Norðmenn eins og eðlilegt mátti teljast í ljósi uppruna landsmanna og nálægðar landanna.
3. Eiríkur rauði. Á Grænlandi mynduðust tvær aðskildar byggðir norrænna manna. Annars vegar var Eystribyggð. Þar voru möguleikar á landbúnaði bestir enda var þar að finna ágætis beitolönd. Hins vegar var Vestribyggð sem lá nokkur hundruð kílómetrum norðar. Þar eru landkostir ekki eins góðir fyrir bændur en hins vegar eru þar góðar veiðilendur.
4. Samkvæmt Grænlandingasögu má ætla að Bjarni Herjólfsson hafi verið fyrstur Evrópu-búa til að stýra skipi sínu nálægt ströndum Ameríku. Ef marka má söguna fór hann hins vegar ekki í land. Þegar Leifur, sonur Eiríks rauða, frétti af landafundinum ákvað hann að freista gæfunnar og sigla til vesturs. Samkvæmt Eiríks sögu rauða var Leifur hins vegar fyrstur norrænna manna til að fara til Ameríku.
5. Sögurnar segja frá þremur stöðum. Fyrst kom hann að grýttu svæði sem hann nefndi Helluland sem giskað hefur verið á að hafi verið Baffinsland. Þá lá leiðin að skógi vöxnum stað sem hann kallaði Markland en þar gæti verið um Labrador að ræða. Að endingu kom hann að stað þar sem uxu villt vínber og gaf Leifur honum nafnið Vínland. Erfitt er að segja til um hvar sá staður hefur verið en menn ætla að hann hafi verið suður af Nýfundnalandi.
6. Síðustu frásagnir af Vínlandssiglingum eru frá fyrri hluta 12. aldar en þá var víkingaferðum lokið.
7. Viður var mikilvægur til upphitunar, áhaldagerðar, húsbygginga og skipagerðar svo hægt væri að halda uppi samgöngum við önnur lönd. Skip landnámsmanna gengu úr sér með tímanum og því var brýnt að geta endurnýjað íslenskan skipakost reglulega. Framan af þjóðveldisöld hafa landsmenn sennilega getað sinnt þeim siglingum sem nauðsynlegar voru til að stunda verslun og halda tengslum við umheiminn. Það virðist hins vegar hafa gengið hratt á íslenska skipastólinn á 10. og 11. öld.
8. Það hefur verið öruggast fyrir Íslendinga að sigla til Noregs þar sem þeir þekktu til og áttu jafnvel skyldmenni. Þar sem Noregur var á þessum tíma helsta siglingaveldi Evrópu á Norður-Atlantshafi má segja að Ísland hafi verið á norsku áhrifasvæði. Þess vegna var sérstaklega mikilvægt fyrir Íslendinga að njóta velvildar í Noregi.
9. Eftir því sem skipastóll Íslendinga dróst saman urðu landsmenn háðari því að aðrar þjóðir héldu uppi samgöngum til landsins. Utanríkisverslun Íslendinga færðist til dæmis með tímanum yfir á hendur Norðmanna.